



Drög að ályktun um verndun og eflingu landsbyggðarinnar

Tíunda þing Starfsgreinasambands Íslands skorar á stjórnvöld að standa vörð um landsbyggðina, sem er einn af hornsteinum íslensks efnahagslífs og samfélags. Landsbyggðin skapar stóran hluta gjaldeyristekna þjóðarinnar með framleiðslu, útflutningi og nýtingu auðlinda, og á því trausta undirstöðu velferðarkerfis okkar.

SGS krefst þess að eðlilegur hlutur af þeim verðmætum sem landsbyggðin skapar skili sér til nærsamfélaganna. Þessi verðmæti eiga að nýtast til:

- Uppbyggingar og viðhalds vega og annarra samgangna.
- Tryggingar á aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.
- Eflingar menntunar, félagslegrar þjónustu og atvinnuuppbyggingar.

Það er grundvallaratriði að íbúar landsbyggðarinnar njóti sömu lífsgæða og tækifæra og íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Jafnvægi í byggðaðróun er forsenda samstöðu og samfélagslegrar sáttar í landinu.

Starfsgreinasamband Íslands minnir á að án sterkrar landsbyggðar veikist bæði efnahagsleg og menningarleg sjálfstæða þjóðarinnar. Stjórnvöld verða því að tryggja að arðurinn af auðlindum og útflutningi nýtist öllum landsmönnum, ekki síst þeim samfélögum sem skapa verðmætin.